



## **STYRKIR TIL ATVINNUMÁLA KVENNA**

**LEIÐBEININGAR**

**OG**

**UPPLÝSINGAR**



## Styrkir til atvinnumála kvenna árið 2012

Nú hefur verið opnað fyrir umsóknir um styrki til atvinnumála kvenna vegna ársins 2012. Síðan árið 1991 hafa styrkir þessir verið veittir af velferðarráðherra og hefur fjöldi góðra hugmynda litið dagsins ljós með aðstoð þeirra. Markmið styrkjanna er að efla atvinnulíf og auka aðgengi kvenna að fjármagni en rannsóknir sýna að þær hafa ekki jafnauðveldan aðgang að fjármagni og karlar.

Í þessum bæklingi eru upplýsingar um styrki til atvinnumála kvenna, leiðbeiningar um gerð umsókna, umsóknarferli, mat og skýrslugerð.

Allar nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni [www.atvinnumalkvenna.is](http://www.atvinnumalkvenna.is) þar sem má einnig finna rafræna umsókn.

Til ráðstöfunar að þessu sinni eru 30 milljónir en ekki eru veittir lægri styrkir en 400.000 til gerðar viðskiptaáætlunar en hámarksstyrkur er kr. 3.000.000. Sérstök ráðgjafanefnd metur umsóknir en umsóknarfrestur er til og með 14.febrúar og stefnt er að því að úthluta styrkjum í apríl.

Styrkhæf verkefni skulu vera í eigu kvenna (amk 50%) og stjórnað af konum og skulu fela í sér atvinnusköpun til frambúðar. Um nýnæmi skal vera að ræða og kröfur eru gerðar um að verkefni skekki ekki samkeppnisstöðu á markaði.

Veittir eru styrkir til gerðar viðskiptaáætlunar, áætlanagerðar, þróunarkostnaðar og markaðssetningar. Einnig er hægt að sækja um launastyrk til að hefja rekstur fyrirtækis að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Hámarksstyrkur er kr. 3.000.000 en ekki eru veittir lægri styrkir en kr. 400.000.

Ekki eru veittir styrkir vegna stofnkostnaðar, til stærri fjárfestinga né rekstrarstyrkir og vakin er athygli á því að styrkir eru skattskyldir og þarf að telja fram kostnað á móti.

Ekki eru veittir hærri styrkir en sem nema helming kostnaðar við verkefni og þurfa því umsækjendur að sýna fram á mótframlag af einhverju tagi. Þetta á þó ekki við um gerð viðskiptaáætlunar.

### Umsóknarferli

- Styrkir eru auglýstir til úthlutunar einu sinn á ári og er umsóknum skilað inn rafrænt á heimasíðuna <http://www.atvinnumalkvenna.is/>. Umsóknir eru yfirfarnar og metnar af ráðgjafanefnd.
- Ákvörðun um úthlutun mun liggja fyrir innan 10 vikna eftir að umsóknarfrestur er liðinn.
- Að lokinni úthlutun er öllum umsækjendum sent bréf um ákvörðun nefndarinnar.
- Styrkhafar frá helming styrks greiddan í kjölfar undirritunar samnings um styrkveitinguna.
- Seinni helmingur styrks fæst greiddur við skil á skýrslu um verkefnið þar sem verkefnið og árangur þess er metinn og gerð grein fyrir kostnaði við verkefnið.
- Styrkhafar hafa eitt ár til að ljúka verkefnum sínum og skila áðurgreindri skýrslu.
- Ef skýrsla berst ekki er styrkur afturkræfur.



## Leiðbeiningar um gerð umsókna

Mjög mikilvægt er að umsókn sé vel útfyllt, markmið verkefnis séu skýr og áætlanagerð vel ígrunduð og nákvæm. Betra er að rita styttri og nákvæmari texta en lengri og ítarlegri. Hægt er að setja tvö skjöl sem viðhengi við umsókn.

Sérstök athygli er vakin á því að ef eingöngu er sótt um til gerðar viðskiptaáætlunar þá þarf eingöngu að greina frá viðskiptahugmyndinni, nýnæmi hennar og markmiðum.

Athugið að þær umsóknir sem eru illa útfylltar og vísa t.d. eingöngu í fylgiskjöl verða ekki teknar til umfjöllunar og ekki metnar.

## Grunnupplýsingar

Hér þarf að fylla út nafn umsækjanda (einstaklingur eða fyrirtæki), kennitölu, heimilisfang, síma og netfang auk veffangs ef við á.

## Upplýsingar um umsækjanda

Hér er hægt að setja inn upplýsingar um umsækjanda, menntun, starfsreynslu og annað sem máli skiptir.

## Upplýsingar um fyrirtækið

Hér þurfa að koma fram upplýsingar um hvenær fyrirtækið var stofnað, hver fjöldi starfsmanna er á ársgrundvelli, hverjir eru eigendur og hver eignarhluti þeirra er. Upplýsingar um stjórnendur fyrirtækis, framkvæmdastjóra og aðra stjórnendur.

## Lýsing á starfsemi

Hér þarf að lýsa starfsemi fyrirtækisins, er það framleiðslu- eða þjónustufyrirtæki og í hvaða atvinnugrein er það. Hvert er starfssvið fyrirtækis og umfang starfseminnar og hver er velta fyrirtækisins í dag og áætluð velta að verkefni loknu.

## Heiti á verkefni

Lýsandi nafn á verkefni sem sótt er um styrk vegna.

## Viðskiptahugmyndin - lýsing á verkefni

Hér þarf að koma góð útlistun á viðskiptahugmyndinni, aðalatriði verkefnis og skýr lýsing. Þessar upplýsingar er mjög mikilvægt að vinna vel.

## Markmið verkefnis

Hér þarf að útlísta á hnitmiðaðan hátt markmið verkefnisins og hvernig því verður náð. Markmið verkefnis geta verið ýmisskonar, að gera markaðs- og kynningaráætlun eða vinna að vöruþróun. Mikilvægt er að greina frá því hver árangur verkefnis á að vera, t.d. vara eða þjónusta sem verður til.

Skýr markmiðasetning er mikilvægt tæki til að gera sér grein fyrir því hvert ferðinni er heitið og hvernig á að ná þangað.

## Nýnæmi vöru/þjónustu

Skilgreina þarf hér á hvaða hátt um nýnæmi/nýsköpun er að ræða. Ef um nýja vöru að ræða þarf að útlísta nýnæmi hennar og hvað er það sem gerir þessa vöru frábrugðna annari vöru. Ef um vöruþróun er að ræða þarf að greina frá því hvernig varan/þjónustan mun leysa aðrar af hólmi á einhvern hátt og þá hvernig.

## Markhópur – Markaðsgreining

Hér þarf að koma fram greining á væntanlegum markhópi fyrirtækis/verkefnis og hvert



markaðssvæði vöru/þjónustu er. Er markhópur og markaðssvæði staðbundið innan ákveðins svæðis innanlands, er það allt landið eða er markaðssvæðið erlendis. Hver er stærð markaðarins og umfang hans og hvernig á að markaðssetja vöruna/þjónustuna.

### Hve mörg störf er áætlað að verkefnið skapi?

Hér þarf að koma fram áætlun um það hve mörg störf verkefnið muni skapa þegar búíð er að framkvæma það.

### Hefur umsækjandi fengið styrk áður hjá atvinnumálum kvenna?

Hér er gerð grein fyrir fyrri styrkveitingum frá atvinnumálum kvenna, hvort og þá hvenær.

### Hefur umsækjandi fengið aðra opinbera styrki á síðastliðnum árum? Ef já, hvaða og hvenær?

Mjög mikilvægt er að greina frá öðrum opinberum styrkjum sem fengist hafa áður vegna verkefnisins.

### Hefur umsækjandi sótt um aðra styrki vegna verkefnisins í ár?

Hér er gerð grein fyrir öðrum styrkumsóknum vegna verkefnisins.

### Kostnaðaráætlun

Hún þarf að innihalda yfirlit yfir áætlaðan kostnað við verkefnið. Sundurliða skal kostnað eins nákvæmlega og unnt er. Ekki er hægt að sækja um styrk nema fyrir helmingi af kostnaði við verkefnið. Greinið frá forsendum kostnaðaráætlunar í reit fyrir neðan.

### Tekjuáætlun

Hverjar eru áætlaðar tekjur verkefnisins, sala vöru, aðgangseyrir o.s.frv., er um aðra styrki að ræða og þá hverja? Á að taka lán og þá hve mikið? Sundurliða skal tekjur eins nákvæmlega og unnt er.

Mikilvægt er að greina frá eigin framlagi til verkefnisins sem getur m.a. verið vinnuframlag við verkefnið. Greinið frá forsendum tekjuáætlunarinnar í reit fyrir neðan.

### Sótt er um styrk að upphæð

Hér þarf að greina frá því hver upphæð styrkbeiðni til atvinnumála kvenna er en sú tala færir sjálfkrafa niður í reitinn „sótt er um styrk að upphæð“

**Athugið að um stjórnumerktan reit er að ræða og því ekki hægt að senda inn umsókn nema þessi reitur sé útfylltur.**

### Verkætlun

Hér þarf að útlista það hvenær og hvernig á að vinna verkefnið, verkþættir eru sundurliðaðir og tímasettir eins nákvæmlega og unnt er, greint er frá markmiðum hvers hluta, hvenær honum á að vera lokið og áætluðum kostnaði.

Gagnlegt er að brjóta verkefnið niður í verkþætti og þannig gera sér betur grein fyrir þeim verkefnum og kostnaði sem til fellur við hvern lið. Þannig fæst betri yfirsýn yfir verkferla og verkið í heild og hvaða tíma tekur að vinna það.

### Samkeppni

Hér skal greina frá því hverjir eru helstu samkeppnisaðilar vöru/þjónustu ef einhverjir eru. Hver er hugsanleg samkeppni og hvaða áhrif mun hún hafa á verkefnið?

### Samstarfsaðilar

Eru samstarfsaðilar í verkefninu og ef svo er, hverjir eru þeir og hvert er þeirra framlag? Samstarfsaðilar geta verið af ýmsum toga, það geta verið stofnanir, fyrirtæki, ráðgjafar o.f.l.



### Sótt er um styrki vegna:

Hér þarf að haka við í það sem við á en bent er á að hægt er að merkja við fleiri en einn reit.

1. Hægt er að sækja um styrk til gerðar viðskiptaáætlunar og eru veittar 400 þúsund krónur til þess. Ef að hugmynd er skammt á veg komin getur verið gagnlegt að hefja verk á því að útbúa viðskiptaáætlun.
2. Hægt er að sækja um styrk vegna þróunarverkefna af ýmsu tagi s.s. vöruþróunar eða þróunar nýrrar vöru/þjónustu.
3. Hægt er að sækja um styrk til hönnunar af ýmsu tagi, s.s. hönnunar frumgerða, umbúðahönnunar eða vöruhönnunar.
4. Hægt er að sækja um styrk vegna kostnaðar við markaðssetningu svo sem gerð heimasíðna og auglýsinga- og kynningarefnis af ýmsu tagi.
5. Þær konur sem hafa tilbúna viðskiptaáætlun sem er trúverðug og vel unnin geta sótt um styrk vegna launakostnaðar við að hrinda henni í framkvæmd. Ef sótt er um þennan lið þarf að senda viðskiptaáætlun með umsókn. Hægt er að setja hana inn á umsóknina sem viðaukaskjal, sjá neðst í umsókn.
6. Einnig er möguleiki að sækja um vegna annars kostnaðar sem er settur undir liðinn annað.

Taka ber fram að ekki eru veittir styrkir til stærri fjárfestinga svo sem eins og í aðstöðu (húsaleiga, kaup á húsnæði) tækjum og búnaði, stofnkostnaði og rekstrarkostnaði.

### Viðaukaskjöl

Hér er hægt að setja inn tvö viðaukaskjöl ef vill, svo sem viðskiptaáætlun eða myndir af viðkomandi vöru.

### Hvernig fékkst þú upplýsingar um verkefnið?

Hér ert þú góðfúslega beðin um að segja okkur hvar þú fékkst upplýsingar um verkefnið. Það er til að við getum betur metið upplýsingagjöf okkar og komið betur til móts við viðskiptavini okkar.

### Skýrslur

Við undirskrift samnings sem sendur er til Atvinnumála kvenna er helmingur styrks greiddur út.

Til að fá lokagreiðslu styrks ber styrkþegum að skila inn **lokaskýrslu** ásamt yfirliti yfir kostnað. Verkefnisstjóri Atvinnumála kvenna ber saman skýrslu og umsókn og metur hvort tilteknum verkefnum hafi verið lokið.

Mikilvægt er að huga að því að skýrslugerðin skal að miðast við þá þætti sem styrkur fékkst til. Það sama á við um kostnað vegna verkefnisins, yfirlit um kostnað á eingöngu að vera vegna viðkomandi verkefnis.

Í lokaskýrslu er gerð ítarleg grein fyrir lokaniðurstöðu verkefnis.



- Nauðsynlegt er að fara yfir þá verkþætti sem hafa verið unnir og hvernig var staðið að framkvæmdinni.
- Fara þarf yfir og meta þann árangur sem náðst hefur í verkefninu og hverjar niðurstöður þess urðu.
- Gera þarf grein fyrir hverju vinnan skilaði varðandi áframhaldandi framgang verkefnisins og hver næstu skref verða.
- Gera þarf grein fyrir heildarkostnaði verkefnisins en hann þarf að vera að lágmarki helmingi hærri en upphæð styrks.

Velkomið er að senda skýrslur á rafrænu formi eingöngu. Mjög mikilvægt er að skýrslan sé vel úr garði gerð, hún nákvæm og útlisti alla þætti mjög vel og gott er að láta fylgja með myndir af vörunni eða úr fyrirtækinu.

Góð skýrsla á að vera vitnisburður um verkefnið ykkar, að það hafi skilað þeim árangri sem ætlast var til í upphafi.

Þær sem fengu styrk til að gera **viðskiptaáætlun** skila henni fullgerðri inn og fá þá eftirstöðvar styrks greiddan. Í þeim tilfellum þarf ekki að skila yfirliti yfir kostnað.

Umsækjendur þurfa að skila skýrslu innan eins árs en að öðrum kosti fellur styrkur niður.

Á heimasíðu verkefnisins má finna fyrirmynd að skýrslu til leiðbeiningar.

### **Skýrslu eða viðskiptaáætlun á að skila til:**

Vinnumálastofnun  
Atvinnumál kvenna  
Faxatorgi 1  
550 Sauðárkrókur

Skýrslu eða viðskiptaáætlun má einnig senda í tölvupósti á netfangið:  
[atvinnumalkvenna@atvinnumalkvenna.is](mailto:atvinnumalkvenna@atvinnumalkvenna.is)

### **Forsendur stigagjafar**

Gefin eru stig fyrir 5 þætti, nýnæmi, samkeppni, mögulega frampróun verkefnis, lýsingu á viðskiptahugmynd, og áætlanagerð (kostnaðar- og tekjuáætlun). Hægt er að fá 5, 15 eða 25 stig fyrir hvern þátt en þó vega þættirnir nýnæmi, lýsing á viðskiptahugmynd og áætlanagerð hærra en aðrir þættir.

Eftir að stigagjöf er lokið er fundið meðaltal allra þátta fyrir hverja og eina umsókn.

Allar nánari upplýsingar veitir starfsmaður í síma 582-4914 eða í netfangi  
[atvinnumalkvenna@atvinnumalkvenna.is](mailto:atvinnumalkvenna@atvinnumalkvenna.is)

Gangi ykkur vel !

